



Spákonufellshöfði, Sveitarfélaginu Skagatrönd

Stjórnunar- og verndaráætlun

Júní 2023

Heiti skýrslu: Stjórnunar- og verndaráætlun Spákonufellshöfði

Útgáfunúmer: UST-2022:09

Mánuður, ár: júní 2023

Ritstjórn: Guðbjörg Gunnarsdóttir og Kristín Ósk Jónasdóttir

Forsíðumynd: Alexandra Jóhannesdóttir

Aðrar myndir: Alexandra Jóhannesdóttir (bls. 4, 8 og 15) og Kristín Ósk Jónasdóttir (bls. 5).

Útgefandi: Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími: 591 2000

Netfang: ust@ust.is

Veffang: www.ust.is

Efnisyfirlit

1. HIÐ FRIDLÝSTA SVÆÐI.....	5
1.1. Stjórnunar- og verndaráætlun	5
1.1.1. Samráð	6
1.2. Eignarhald og umsjón	6
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi	6
1.4. Verndargildi og verndarflokkur	7
2. STAÐA OG STEFNA.....	8
2.1. Mörk svæðisins og aðkomuleiðir	8
2.2. Náttúruminjar; jarðminjar og lífríki	9
2.3. Menningarminjar	9
2.4. Landnotkun	10
2.4.1. Ferðaþjónusta og útivist.....	10
2.4.2. Viðburðir, kvikmyndataka og ljósmyndun	10
2.4.3. Mönnuð og fjarstýrð loftför	11
2.5. Helstu ógnir.....	11
2.6. Innviðir.....	11
2.6.1. Umsjón	11
2.6.2. Mannvirki	11
2.6.3. Vegir og bílastæði.....	12
2.6.4. Aðgengi	12
2.6.5. Stígar og gönguleiðir	12
2.6.6. Skilti	12
2.6.7. Úrgangur	13
2.7. Fræðsla og kynning	13
2.8. Öryggismál	13
2.9. Rannsóknir og vöktun	14
3. SÉRSTAKAR REGLUR UM UMFERÐ OG DVÖL	15
HEIMILDIR	16
VIÐAUKI I	17
VIÐAUKI II	18
VIÐAUKI III.....	20
VIÐAUKI IV	21
VIÐAUKI V	22

Leiðarljós

Við viljum að áfram muni heimsókn í Spákonufellshöfða veita gestum endurnærandi náttúruupplifun. Lágstemmdir innviðir verða byggðir upp af fagmennsku og metnaði með það að markmiði að vernda náttúru svæðisins og auka ánægju gesta.



1. Hið friðlýsta svæði

Fólkvangurinn Spákonufellshöfði var friðlýstur árið 1980 með auglýsingu nr. [444/1980](#). Stærð fólkvangsins er 22,5 ha. Markmiðið með friðlýsingunni er að vernda jarðmyndanir, gróður og dýralíf svæðisins og tryggja svæði til útivistar.

Spákonufellshöfði er vestan við byggðina á Skagaströnd og nær niður að sjó auk þess sem sker úti fyrir höfðanum tilheyrta fólkvanginum. Höfðinn er úr stórgerðu stuðlabergi og er líklega gamall gostappi, sem síðar hefur verið rofinn af jöklum ísaldar. Sjófuglar og mófuglar halda til í Höfðanum og á fartíma er nokkuð um umferðarfugla í fjörum, bæði set- og grýttum fjörum. Á svæðinu er strjáll melagróður með algengum tegundum íslenskra plantna og grösugar mýrar. Trjáplöntur hafa verið gróðursettar í kletthlíð sem snýr að byggðinni. Höfðinn er vinsæll til útivistar og víðsýnt er af honum.

1.1. Stjórnunar- og verndaráætlun

Undirbúningur að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar Spákonufellshöfða hófst í október 2021. Áætlunin er unnin af samstarfshópi sem skipaður var vegna gerðar hennar og er hún sett í samræmi við 81. gr. laga um náttúruvernd [nr. 60/2013](#). Stjórnunar- og verndaráætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal sem lýsir framtíðarsýn og þeim grundvallarsjónarmiðum sem höfð eru til hliðsjónar um hvernig viðhalda og auka eigi verndargildi svæðisins. Áætlunin er unnin í samstarfi við Sveitarfélagið Skagaströnd.

Samstarfshópin skipuðu:

- Alexandra Jóhannesdóttir, fulltrúi Sveitarfélagsins Skagastrandar
- Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- Kristín Ósk Jónasdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar

Stjórnunar- og verndaráætlunina skal endurskoða eftir því sem tilefni er til. Áætluninni er skipt í þrjú kafla. Í fyrsta kafla er fjallað um vinnslu áætlunarinnar og stjórnsýslu, í öðrum kafla er lýsing á Spákonufellshöfða í dag ásamt framtíðarsýn og stefnumótun og í þriðja kafla eru settar fram þær sérreglur sem gilda um fólkvanginn samkvæmt áætlun þessari. Meðfylgjandi stjórnunar- og verndaráætluninni er aðgerðaáætlun Sveitarfélagsins Skagastrandar í tengslum við uppbyggingu og rekstur svæðisins en sveitarfélagið annast umsjón og rekstur fólkvangsins.

1.1.1. Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu. Við upphaf vinnunnar var sent bréf til fagstofnana og hagsmunaaðila þar sem tilkynnt var að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fólkvanginn væri að hefjast. Þessum aðilum var einnig sent bréf í upphafi kynningarferlis þar sem upplýst var um kynningartíma og hvar tillögu að áætluninni væri að finna. Umhverfisstofnun og sveitarfélagið Skagaströnd héldu opinn íbúafund í Félagsheimilinu Félagsborg á Skagaströnd þann 7. apríl 2022 og mættu sjö fulltrúar íbúa á fundinn. Þar var áætlunin kynnt og drög lögð að stefnu hennar.

Listi yfir samráðsaðila er í [viðauka III](#).

1.2. Eignarhald og umsjón

Spákonufellshöfði er hluti af Sveitarfélaginu Skagaströnd sem jafnframt er landeigandi. Samkvæmt 83. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 annast sveitarfélög umsjón og rekstur fólkvanga og bera allan kostnað af rekstri og umsjón að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði. Umsjón og rekstur fólkvangsins Spákonufellshöfða er því í höndum Sveitarfélags Skagastrandar en í auglýsingu um fólkvanginn er talað um hreppsnefnd Höfðahrepps sem þá var stjórnvaldið. Málefnum sem upp koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvæðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Spákonufellshöfði var friðlýstur sem fólkvangur árið 1980 með auglýsingu nr. 444/1980. Auglýsinguna má finna í [viðauka I](#).

Íslensk lög sem hafa jafnframt þýðingu fyrir fólkvanginn og stefnumótun hans eru lög um náttúruvernd nr. 60/2013, lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, auglýsing um friðun æðplantna, mosa og fléttna nr. 1385/2021, lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018, lög um menningarminjar nr. 80/2012 og skipulagslög nr. 123/2010.

Spákonufellshöfði er við straumvatnshlotið Horn að Hvanndölum (101-1338-C). Í vatnaáætlun sem er byggð á lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála eru sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlot en samkvæmt markmiðum laganna skulu vatnshlot vera í a.m.k. góðu ástandi. Vatnshlotið Horn að Hvanndölum fellur undir þessi umhverfismarkmið. Nálgaast má frekari upplýsingar um stjórn vatnamála ásamt vatnaáætlun á vefsíðunni vatn.is.

Þeir alþjóðasamningar sem helst hafa þýðingu fyrir fólkvanginn og íslensk stjórnvöld hafa staðfest eru alþjóðasamþykkt um fuglavernd, öðlaðist gildi 1956, samþykkt um lífríkisvernd á norðurslóðum frá 1992 (CAFF), samningur um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bernarsamningurinn) sem fullgiltur var árið 1993, samningur um vernd líffræðilegrar fjölbreytni (Ríosamningurinn), fullgiltur árið 1995, samningur um upplýsingaskyldu stjórnvalda og þátttöku almennings til ákvarðanatöku í umhverfismálum (Árósarsamningurinn) sem fullgiltur var árið 2011 og landslagssamningur Evrópu sem fullgiltur var árið 2020.

Minjastofnun Íslands fer með umsjón og stjórnsýslu menningarminja, fornleifa- og byggingararfs, í samræmi við lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Umsjón fólkvangsins er í höndum sveitarfélagsins sem hefur samráð við Umhverfisstofnun um skipulag svæðisins. Í gildi er [aðalskipulag](#) Sveitarfélagsins Skagastrandar 2010-2022 sem staðfest var af Skipulagstofnun árið 2011. Í aðalskipulaginu er Spákonufellshöfði skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota og tiltekið að það sé á náttúruminjaskrá en í greinargerð kemur fram að um friðlýst svæði er að ræða. Opin svæði eru skilgreind sem svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir.

1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Markmiðið með friðlýsingu fólkvanga er að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.

Verndun Spákonufellshöfða miðar að því að vernda jarðminjar og líffræðilega fjölbreytni með því að viðhalda vistgerðum og varðveita tegundir á náttúrulegum búsvæðum þeirra, sbr. 2. og 3. gr. laga um [náttúruvernd nr. 60/2013](#).

Fólkvangurinn Spákonufellshöfði flokkast í V. flokk verndarsvæða ([Protected Landscape/Seascape](#)) skv. skilgreiningum Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN. Í V. flokki IUCN eru verndarsvæði þar sem samspil manns og náttúru í gegnum tíðina hefur skapað svæðinu sérstöðu sem byggir á vistfræðilegu, líffræðilegu, menningarlegu og sjónrænu gildi þess. Varðveisla þessa samspils er hluti af verndun svæðisins og þeirra náttúrufarslegu og menningarlegu gilda sem svæðið hefur.



2. Staða og stefna

Í þessum kafla verður fólkvangnum Spákonufellshöfða lýst í stórum dráttum, stefna lögð fram um hvernig viðhalda megi verndargildi hans og bent á framkvæmdir sem fara þarf í á næstu árum. Sveitarfélagið Skagaströnd hefur útbúið aðgerðaáætlun sem fylgir stjórnunar- og verndaráætluninni og þar má finna þær aðgerðir sem farið verður í til að vinna að markmiðum áætlunarinnar.

Í samtali við íbúa Skagastrandar voru gildi Höfðans rædd. Verndun náttúrunnar var rauður þráður í umræðunum og mikilvægi þess að hafa slíkt svæði inni í bæ. Höfðinn væri ómetanleg perla með útsýni yfir flóann og fuglavarpi og að Höfðinn væri griðastaður. Mikilvægt væri að halda honum áfram sem lítt snortnu útivistarsvæði.

2.1. Mörk svæðisins og aðkomuleiðir

Að sunnan, vestan og norðan ræður sjávarströnd um mörk fólkvangsins. Að austan hugsast lína dregin úr fjöru milli svonefnds „Salthúss“ og „Lifrarbræðsluhúss“ í austur meðfram rótum klettaveggjarins að norðvesturhorni lóðar hússins, að Bankastæti 14. Þaðan ráða lóðamörk húsa við Bankastræti, en síðan rætur klettaveggjarins austur og norður fyrir húsið Laufás og áfram með rótum klettaveggjarins allt til sjávar. Þá tilheyra fólkvanginum sker úti fyrir höfðanum. Stærð fólkvangsins er 22,5 ha.

Kort af svæðinu má finna í [viðauka II](#).

Spákonufellshöfði liggur innan bæjarmarka á Skagaströnd. Til að komast þangað er ekið í gegnum þorpið og fram hjá hafnarsvæðinu. Bílastæði eru rétt ofan við Salthúsið, syðst í Höfðanum. Þegar komið er upp á Spákonufellshöfðann er hægt að njóta góðs útsýnis yfir á Strandir og ganga um svæðið eftir stígakerfi sem liggur um höfðann.

2.2. Náttúruminjar, jarðminjar og lífríki

Spákonufellshöfði er gerður úr stórgerðu stuðlabergi og er líklega gamall gostappi, sem síðar hefur verið rofinn af jöklum Ísaldar. Aðal bergtegundin er gabbró sem myndast við hæga storknun djúpt í jörðu en Höfðinn er í fornri megineldstöð sem var virk fyrir um sjö milljónum ára.

Í Spákonufellshöfða er fjölbreyttur mólendisgróður og lítilsháttar af votlendis- og mýrargróðri. Mikið er af geldingahnappi og skarfakáli. Af slæðingum má helst nefna aronsvönd og bláklukku. Lúpína og skógarkerfill hafa numið land í Höfðanum.

Samkvæmt [vistgerðakorti¹](#) Náttúrufræðistofnunar Íslands eru helstu vistlendi innan fólkvangsins í Spákonufellshöfða votlendi, moslendi, mólendi og graslendi. Vistgerðir sem finnast þar eru meðal annars starungsmýravist sem er með mjög hátt verndargildi, lyngmóavist, snarrótarvist og grasmóavist, allar með hátt verndargildi og hraungambravist með lágt verndargildi. Fjörurnar eru setfjörur og grýttar fjörur, bæði þangfjörur og hrúðukarlafjörur.

Í Höfðanum er töluvert kríuvarp. Þar verpir einnig æðarfugl og fýlar og teistur verpa í klettum. Af mófuglum er þar helst að finna þúfutittlinga, skógarþresti og rjúpur. Meðal vaðfuglar eru helstu varpfuglar sandlóa, tjaldur og hrossagaukur. Hrafn hefur orpið í Arnarstapa nyrst í höfðanum og á fyrri öldum er talið að ernir hafi orpið þar.

Stefna

Mikilvægt er að vernda jarðminjar og vistkerfi sem finnast í Spákonufellshöfða til að viðhalda jarðfræðilegri og líffræðilegri fjölbreytni á svæðinu. Öll landnotkun skal vera með þeim hætti að hún raski ekki jarðminjum, náttúrulegum gróðri eða dýralífi. Gæta skal þess að framkvæmdir rýri ekki ásýnd svæðisins. Fylgjast þarf með ágengum, framandi tegundum og þær fjarlægðar eftir því sem unnt er. Ekki er gert ráð fyrir að plöntur verði gróðursettar innan fólkvangsins heldur munu náttúrulegir ferlar ráða gróðurframvindu.

Komið verði í veg fyrir jarðvegsrof og gróðureyðingu af völdum ágangs með stýringu umferðar s.s. viðhaldi göngustíga og merkingum sbr. [kafla 2.6.5](#). Ef bregðast þarf við jarðvegsrofi verður það gert í samstarfi við fagaðila.

2.3. Menningarminjar

Engar friðlýstar menningarminjar eru innan svæðisins en nokkuð um friðaðar minjar svo sem tóftir og garðlög, sjá vefsíðu, [friðaðar minjar](#). Fornleifarnar voru skráðar vegna vinnu við aðalskipulag árið 2009² og er samantekt um þær í [viðauka V](#). Undir Spákonufellshöfða var verslunarstaður frá fornu fari og var hann einn af kaupstöðum einokunarverslunarinnar. Sögur og sagnir tengjast verslunarsögu staðarins. Þekking á sögunni eykur verndargildi og fræðslugildi svæðisins.

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

² Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga (2009)

Um vernd menningarminja fer samkvæmt lögum nr. 80/2012 um menningarminjar. Allar minjar njóta að lágmarki 15m friðhelgi frá útbrún þeirra og eru framkvæmdir óheimilar innan þess svæðis nema að fengnu leyfi frá Minjastofnun Íslands.

Stefna

Vert er að gera sögu staðarins skil á skiltum.

2.4. Landnotkun

Svæðið er notað til útivistar af bæjarbúum og gestum þeirra.

Stefna

Öll landnotkun innan friðlandsins skal vera í samræmi við friðlýsingarskilmála, aðalskipulag, og stjórnunar- og verndaráætlun. Ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum í fólkvanginum en þeim sem auðvelda för gesta og veita fræðslu s.s skiltum, göngustígum, útsýnispalli, bekkjum og borðum auk fuglaskoðunarhúss. Önnur þjónusta við gesti verður utan fólkvangsins.

2.4.1. Ferðaþjónusta og útivist

Svæðið er vinsælt útivistarsvæði heimamanna. Stígar liggja að og í gegnum svæðið og eru mikið notaðir. Engin skipulögð ferðaþjónusta er innan svæðisins en þangað koma ferðmenn gjarnan til að njóta náttúrufegurðar.

Stefna

Stefnt er að því að styðja við útivist á svæðinu. Almennigur er hvattur til að nýta svæðið sem útivistarsvæði að gefnum þeim reglum sem um svæðið gilda.

Gæta þarf að þolmörkum svæðisins og að álag vegna gesta rýri ekki verndargildi svæðisins. Sérfræðingur svæðisins á vegum Umhverfisstofnunar mun fylgjast með þolmörkum og áhrifum gesta á svæðið með gerð ástandsmats.

Lausaganga hunda getur skert upplifun gesta í fólkvanginum og truflað fuglalíf. Því ber að hafa hunda í taumi og í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir þeim, sbr. [samþykkt um hundahald](#) í Sveitarfélaginu Skagaströnd,³ sjá [reglu nr. 2](#) í kafla 3.

Ekki er heimilt að tjalda eða hafa næturdvöl innan fólkvangsins sbr. [regla nr. 3](#) í kafla 3.

Aðgerð

- ✓ Umhverfisstofnun vinnur árlegt ástandsmat fyrir Spákonufellshöfða.

2.4.2. Viðburðir, kvikmyndataka og ljósmyndun

Viðburðir, kvikmyndataka og ljósmyndun sem skipulagðir eru innan fólkvangsins skulu ekki raska gróðri, dýralífi, jarðminjum eða upplifun fólks og vera í samræmi við þær reglur sem

³ <https://www.skagastrond.is/static/files/gamli/stjori/samthykkt-um-hundahald-i-breytt-08.pdf>

gilda innan svæðisins. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða truflun á umferð innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds sbr. [reglu 1](#) í kafla 3.

2.4.3. Mönnuð og fjarstýrð loftförs

Vegna lífríkisverndar er óheimilt að fljúga fjarstýrðum loftförum (drónum) í Spákonufellshöfða á varptíma frá 20. apríl – 20. júlí nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar sbr. [reglu nr. 4](#) í kafla 3. Undanþegnar banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir, starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. lög nr. 80/2022 og reglugerð nr. 1185/2012, og þær stofnanir sem sinna lögbundnum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum. Að öðru leiti skal haga notkun fjarstýrðra loftfara í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara. Umhverfisstofnun bendir sérstaklega á að ávallt er óheimilt að fljúga þeim yfir mannfjölda og að fjarstýrð loftför sem notuð eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu. Flugumferð er að öðru leyti háð takmörkunum sem fram koma í Flugmálaláhandbók.

2.5. Helstu ógnir

Helstu ógnir fyrir fólkvanginn er mikil útbreiðsla lúpínu, sem hefur nú dreift sér um nánast allt svæðið, svo og skógarkerfils.

Stefna

Stefnt skal að því að hefta útbreiðslu ágengra, framandi tegunda og vinna að því að uppræta þær í samstarfi við Umhverfisstofnun.

2.6. Innviðir

2.6.1. Umsjón

Umsjón og rekstur fólkvangsins er í höndum Sveitarfélagsins Skagastrandar en Umhverfisstofnun vinnur árlega ástandsmat fyrir svæðið, sbr. [kafla 2.4.1](#). Sérfræðingur mun vinna ástandsmatið og sinna eftirliti eftir þörfum.

2.6.2. Mannvirki

Engar byggingar er að finna á svæðinu en sveitarfélagið er með í bígerð að byggja fuglaskoðunarhús, sem jafnframt er hugsað sem áningarstaður, og útsýnispall.

Stefna

Allt rask skal vera í lágmarki, innviðir hannaðir með þeim hætti að þeir falli vel að umhverfinu og mannvirkjum vera vel við haldið. Stefnt er að því að innviðir auki ánægju gesta, bæti ferðahegðun og leiði til náttúru- og minjaverndar. Leitast skal við að uppbygging taki mið af umhverfissjónarmiðum í efnisvali og framkvæmdum.

Stefnt er að því að setja bekki til að tylla sér á og áningarborð á vel valda staði innan fólkvangsins. Stefnt er að því að byggja fuglaskoðunarhús í norðanverðum Höfðanum og hefur styrkur fengist í það verkefni auk þess sem í skoðun er að byggja útsýnispall á undirstöðum sem eru fyrir hendi.

2.6.3. Vegir og bílastæði

Malbikaður vegur liggur inn á svæðið og að bílastæði við Einbúastíg, ofan við Salthúsð. Vegurinn er þröngur og brattur. Jafnframt er hægt að leggja bílum neðan til við höfðann við inngang á svæðið frá Bankastræti.

Stefna

Stefnt er að því að láta vinna deiliskipulag fyrir fólkvanginn og endurskipuleggja bílastæði fyrir Spákonufellshöfða.

2.6.4. Aðgengi

Aðgengi er eftir náttúrustígum sem liggja um Spákonufellshöfða. Einnig er hægt að komast inn á jaðar svæðisins á bíl. Göngustígar um svæðið sjálf eru fyrst og fremst niður traðkaðir slóðar og að hluta jarðvegsstígar.

Stefna

Stefnt er að því að aðgengi verði fyrir fólk með fötlun frá efra bílastæði, upp af Salthúsinu, og að góðum áningarstað.

Fýsileiki þess að auðvelda aðgengi fólks að fjörunni verði skoðaður og aðgerðir þar að lútandi.

2.6.5. Stígar og gönguleiðir

Malar- og jarðvegsstígur liggur um svæðið, en árið 2008 voru formlega opnaðar merktar gönguleiðir um höfðann. Um hjólaumferð fer skv. náttúruverndarlögum.

Stefna

Stefnt er að því að skipuleggja stígakerfi fólkvangsins betur og afmarka þá. Stígar skulu vera merktir, öruggir og með góðu undirlagi þannig að gestir svæðisins fari síður utan þeirra. Villustígar verði afmáðir.

Hjólastandar verði settir upp við aðkomu að fólkvanginum.

2.6.6. Skilti

Merkingar eru við aðkomu að fólkvanginum. Á þeim eru ágætar upplýsingar um náttúrufar svæðisins og kort sem sýnir gönguleiðir, áningarstaði og útsýnisstaði. Innan höfðans eru lítil skilti sem fjalla bæði um fugla og plöntur sem finnast á svæðinu. Útsýnisskífa er á Höfðanum.

Stefna

Með skiltum verði upplýsingum og fræðslu komið á framfæri við gesti Spákonufellshöfða. Stefnt skal að því að gera gestum ljóst að þeir séu staddir á friðlýstu svæði og að þar gildi ákveðnar umgengnisreglur. Tilgangur þeirra er jafnframt að bæta öryggi gesta og upplýsa um góða og örugga ferðahegðun. Skilti séu upplýsandi og fræðandi en gæta þarf hófs í fjölda þeirra og vanda staðsetningu þeirra. Skilti og merkingar verði í samræmi við skiltahandbókina Vegrúnu, sjá godarleidir.is. Þannig að ásýnd staðarins verði heildræn og rýri ekki upplifun gesta. Endurnýja þarf þau skilti sem eru nú þegar fyrir hendi í Höfðanum. Skiltin verði unnin í samvinnu við viðeigandi fagstofnanir.

2.6.7. Úrgangur

Ekki er tekið á móti úrgangi innan fólkvangsins.

Stefna

Stuðla skal að góðri umgengni gesta með vitundarvakningu um ábyrga ferðamennsku. Stefnt skal að því að gestir fólkvangsins skilji ekki eftir sig úrgang innan friðlýsta svæðisins heldur taki hann með sér þegar skilið er við svæðið.

Nokkuð berst af rusli á fjörur fólkvangsins og er stefnt að því að skipuleggja eftir þörfum hreinsun strandarinnar.

2.7. Fræðsla og kynning

Markmið friðlýsingar Spákonufellshöfða er meðal annars að tryggja svæðið til útivistar. Á heimasíðu sveitarfélagsins eru upplýsingar um Spákonufellshöfða, m.a. bæklingur um staðinn. Svæðið er ekki mikið notað í dag til útikennslu en hefur mikið fræðslugildi og tækifæri til að nýta í slíkt.

Stefna

Stefnt skal að því að nýta þá tækni sem í boði er hverju sinni til að koma upplýsingum og fræðslu á framfæri svo sem með rafrænum lausnum eða öðru sem kann að henta. Stefnt er að því að auka fræðslu og kynningu um svæðið á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Um fræðsluskilti er fjallað í kafla 2.6.6.

Stefnt er á að í samstarfi við skólana verði gerð áætlun um með hvaða hætti best væri að útfæra fræðslu um náttúru svæðisins í starfi þeirra.

2.8. Öryggismál

Helsta hættan sem steðjar að gestum í fólkvanginum er hættan á hrapi.

Stefna

Öryggi gesta skal tryggt sem best í Spákonufellshöfða. Stuðla þarf að slysaforvörnum meðal gesta með merkingum og öðrum upplýsingum samhliða framkvæmdum við göngustíga og útsýnisstaði á svæðinu.

2.9. Rannsóknir og vöktun

Undanfarin þrjú ár hefur [Náttúrustofa Norðurlands vestra](#) annast margvíslegar athuganir á lífríki og jarðfræði Spákonufellshöfða. Plöntur hafa verið skráðar og vöktun á útbreiðslu ágengra tegunda hefur farið fram, aðallega lúpínu en einnig skógarkerfils sem vex í töluverðu mæli í nágrenni höfðans. Skráningar hafa verið gerðar á fjölda fugla og fuglategunda sem þar verpa og halda til utan varptímans.

Einnig hefur verið fylgst með áhrifum ferðamanna og annarra gesta á gróðurfar með fjarkönnun og venjubundnum hætti. Gönguleiðir eru lauslega merktar en ekki hefur verið lagt í endurbætur á göngustígum. Því er álag allnokkuð út frá merktum gönguleiðum um svæðið og villustígar, traðk og breikkun gönguleiða eru vaxandi vandamál.

Stefna

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilkáttá íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Árið 2019 hófst samvinna Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs, Þingvallabjóðgarðs og náttúrustofa um gerð vöktunaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði, þ.m.t. friðlýst svæði, og er hún unninn samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilkáttá íslenskrar náttúru. Vöktunaráætlun fyrir náttúruverndarsvæði mun fela í sér forgangs röðun svæða og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Spákonufellshöfða en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun. Á [heimasíðu](#) Náttúrufræðistofnunar Íslands má finna frekari upplýsingar um vöktun.

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar og landverðir sjá um að vinna ástandsmat.

Verkefnið [Vöktun náttúruverndarsvæða](#) var sett á laggirnar af frumkvæði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins árið 2019 og er Umhverfisstofnun ein þeirra stofnana sem tekur þátt í því. Meginmarkmið verkefnisins er að setja á laggirnar heildstæða vöktunaráætlun á landsvísu til vöktunar náttúruminja á náttúruverndarsvæðum og öðrum svæðum sem eru undir álagi vegna ágangs ferðamanna. Áhersla verður lögð á að vakta áhrif mannsins á vistgerðir og plöntur, fugla, spendýr og jarðminjar. Fyrstu verkefnin fóru af stað árið 2020 en ekki hefur verið unnið í Spákonufellshöfða hingað til.



3. Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á Spákonufellshöfða sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

1. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða truflun á umferð innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds sbr. [kafla 2.4.2.](#)
2. Hundar skulu vera í taumi og í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir þeim, sbr. samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Skagaströnd, sjá [kafla 2.4.1.](#)
3. Óheimilt er að hafa næturdvöl innan marka fólkvangsins sbr. [kafla 2.4.1.](#)
4. Vegna lífríkisverndar er óheimilt að fljúga fjarstýrðum loftförum í Spákonufellshöfða á varptíma frá 20. apríl – 20. júlí nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanþegnar banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir, starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. lög nr. 80/2022 og reglugerð nr. 1185/2012, og þær stofnanir sem sinna lögbundnum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum sbr. [kafla 2.4.3.](#)

Heimildir

Fornleifanefnd. (1990). *Skrá um friðlýstar fornleifar, fyrsta útgáfa 1990*. Sótt af vef: <http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/fridlysingaskra-med-vidbotum.pdf>

Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga. (2009). *Sveitarfélagið Skagaströnd Forleifaskráning*. Rannsóknarskýrslur Byggingasafns Skagfirðinga BSk 2009/93.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Minjavefsjá. Sótt af vef: <https://www.map.is/minjastofnun/#>

Náttúrufræðistofnun Íslands. Sótt af vef: <http://www.ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/sjofuglabyggdir> og <http://www.ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/fjorur-og-grunnsaevi>

Sveitarfélagið Skagaströnd. Sótt af vef: <https://www.skagastrond.is/is/um-skagastrond/utivera-og-ferdalog>

Tómas Einarsson og Helgi Magnússon. (1989). *Íslands handbókin*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Umhverfisstofnun. Sótt af vef: <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-vestra/spakonufellshofdi/>

Viðauki I

Stj.tíð. B, nr. 444/1980

Auglýsing um fólkvang á Spákonufellshöfða

Að tillögu hreppsnefndar Höfðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að Spákonufellshöfði í Höfðahreppi verði lýstur fólkvangur samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, en umrætt land er eign hreppsins.

Mörk fólkvangsins eru þessi:

Að sunnan, vestan og norðan ræður sjávarströnd. Að austan hugsast lína dregin úr fjöru milli svonefnds "Salthúss" og "Lifrabræðsluhúss" í austur meðfram rótum klettaveggjarins að norðvesturhorni lóðar hússins, að Bankastræti 14. Þaðan ráða lóðamörk húsa við Bankastræti, en síðan rætur klettaveggjarins austur og norður fyrir húsið Laufás og áfram með rótum klettaveggjarins allt til sjávar. Þá tilheyra fólkvanginum sker úti fyrir höfðanum.

Um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur:

1. Gangandi fólk er heimil för um svæðið, enda virði það almennar umgengisreglur og varist að skerða gróður, trufla að óþörfu dýralíf eða valda skemmdum á jarðmyndunum. Meðferð skotvopna er bönnuð á svæðinu.
2. Umferð hvers konar ökutækja er óheimil á svæðinu.
3. Mannvirkjagerð og hvers konar annað jarðrask er þar óheimilt, þar á meðal efnistaka. Þá er bannað að losa hvers konar úrgang og sorp á fólkvanginum.
4. Óheimilt er að beita búfé á fólkvanginum.

Umsjón fólkvangsins er í höndum hreppsnefndar Höfðahrepps, sem hefur samráð við [Umhverfisstofnun] um skipulag svæðisins.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.


Ráðuneytið er samþykkt stofnun fólkvangsins og tekur stofnun hans gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjómartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 11. ágúst 1980.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius

Viðauki II





Viðauki III

Samráðsaðilar

Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar var haft samráð við landeigendur, sérfræðinga og stofnanir eftir því sem tilefni var til.

Eftirtaldar stofnanir og félagasamtök fengu einnig sent bréf vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlunina:

- ~ Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
- ~ Náttúrufræðistofnun Íslands
- ~ Minjastofnun Íslands
- ~ Skipulagsstofnun
- ~ Samgöngustofa
- ~ Vegagerðin
- ~ Vegagerðin, þjónustusvið
- ~ Ferðamálastofa
- ~ Félag hópferðaleyfishafa
- ~ Félag leiðsögumanna
- ~ Fiskistofa
- ~ Flugmálafélag Íslands
- ~ Fuglavernd
- ~ Hafrannsóknastofnun
- ~ Landgræðslan
- ~ Landvarðafélag Íslands
- ~ Landvernd
- ~ Náttúruverndarsamtök Íslands
- ~ Samtök ferðaþjónustunnar
- ~ Skógræktarfélag Íslands
- ~ Skógræktin
- ~ Slysavarnafélagið Landsbjörg
- ~ Björgunarsveitin Strönd
- ~ Lögreglan Norðurlandi vestra
- ~ Markaðsstofa Norðurlands
- ~ Minjavörður Norðurlands vestra
- ~ Náttúrustofa Norðurlands vestra
- ~ Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra
- ~ SUNN- Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi

Viðauki IV

Hugmyndir frá íbúafundi

Vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun var haldinn íbúafundur á Skagaströnd þann 7. apríl 2020.

Eftirfarandi hugmyndir komu fram á fundinum. Þær voru ekki settar beint inn í áætlun þessa en verða til skoðunar hjá sveitarstjórn.

- ~ Hugmynd til að höfða til fjölbreyttari hóps gesta væri að hanna listaverkagöngu um svæðið.
- ~ Hugmynd um að bjóða upp á stangveiði af klöppum Höfðans.
- ~ Aðalbílastæði fyrir fólkvanginn verði neðan Höfðans, þar sem olíutankar stóðu og bílastæðið ofan við Salthúsið yrði þá eingöngu fyrir fólk með fötlun og þá sem eiga erfitt með gang.
- ~ Sögur frá 20. öldinni verði hluti af fræðslu um Höfðann t.d. um hvar ruslinu var sturtað í sjóinn. Auk skemmtanagildis kveikja slíkar upplýsingar hugrenningar um breytt viðhorf til náttúrunnar í tímans rás.
- ~ Skófir og plöntur verði greindar.

Viðauki V

Menningarminjar á Spákonufellshöfða – samantekt uppúr fornleifaskrá.

Númerin innan sviga vísa til númera fornleifa í skýrslunni þar sem finna má nánari upplýsingar (Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga. (2009). *Sveitarfélagið Skagaströnd Forleifaskráning*. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga BSk 2009/93).

- Skipalending (nr. 226) var í Vararvík eða Skagastrandarvör vestan við Einbúavík syðst við Spákonufellshöfða, þar var síðar grjóthlaðin bryggja sem nú er horfin.
- Á Höfðatá, syðst á Spákonufellshöfða, eru minjar sem talið er að tengist veru breskra hermanna á Skagaströnd. Meðal annars hugsanlegar leifar varðbyrgis (nr. 92) sem bretar komu sér upp til að fylgjast með skipaferðum um Húnaflóa og höfnina á Skagaströnd á stríðsárunum. Einnig eru hugsanlegar leifar fiskþurrkunarhjalla sem voru nokkrir á þessu svæði fram yfir miðja 20. öld (nr. 93, 94) ásamt öðrum ummerkjum um athafnir manna (nr. 90, 91).
- Þá er tóft (nr. 95) sunnan Tjaldklaufar og torfhlaðið garðlag (nr. 96) sem þverar minni klaufarinnar, en í Tjaldklauf eru ferðamenn sagðir hafa reist tjöld sín þegar kaupskip voru í höfn.
- Norðan og vestan við íbúðarhúsið á Laufási 2 eru minjar og hugsanlegt að a.m.k. ein þeirra lendi innan svæðis, þ.e. matjurtagarður (nr. 103).
- Út við Vækilsvík er lítil tóft sem stendur fram á klettabrún og er að hluta fallin í sjó (nr. 99). Sagnir eru um að í vikinni hafi verið landing verslunarskipa á tíma einokunarkaupmanna (nr. 228), en þar er aðdjúpt af náttúrunnar hendi og átti festarhringur á að hafa verið festur í berg við sunnanverða vikina sem skip voru bundin við. Önnur sögn er um að skip hafi verið leidd að Sauðaskeri norðan vikurinnar og bundin þar (nr. 228).
- Lítil tóft (nr. 104) er nokkru norðaustan við Sauðasker og garðlag (nr. 105) er efst á svonefndri Réttarholtshæð, nyrst á höfðanum. Þar á einnig að vera svonefnd Spánska dys og sögn um að þar hafi spænskur sjómaður verið dysjaður.